

Alþingi
Erindi nr. P 140/1231
komudagur 29. 2. 2012



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mmn.is · menntamálaráðuneyti.is

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík 27. febrúar 2012
Tilv.: MMR12020132/0.6.1-

Efni: Umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis um samgönguáætlun 2011-2022


393. mál

Samgönguáætlun 2011 - 2022, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, hefur verið til skoðunar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu að undanfögnu.

Um leið og nýrri samgönguáætlun er fagnað vill ráðuneytið benda á að til eru í landinu fjöldi minja um samgöngur. Hér er um að ræða gamla vegi, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippi, ferjustaði, kláfa, vörður og vita og önnur vega- og siglingarmerki ásamt kennileitum þeirra. Þessar minjar teljast til fornleifa og eru friðaðar skv. 9. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 séu þær 100 ára eða eldri. Eindregið er lagt til að þess sjái merki í nýrri samgönguáætlun að þessar minjar sé mikilvægt að vernda þar sem þær hafa mikla þýðingu fyrir samgöngusögu þjóðarinnar og að unnið verði að mótun stefnu í verndun þeirra.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið lýsir sig reiðubúið til þess að vinna með innanríkisráðuneytinu að mótun stefnu um verndun samgönguminja í landinu.


Katrín Jakobsdóttir


Karitas H. Gunnarsdóttir